Úr lit og formsmiðju

Hörður Ágústsson opnar sýningu í dag


HÖRÐUR Ágústsson listmálari opnar í dag sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum. Verður hún dagana 1. — 12. október að báðum dögunum meðtöldum. Sýning Harðar ber nafnið Úr lit og formsmiðju og var síðasta sýning hans hér á landi í Norræna húsinu í maí á síðasta ári.

Á sýningu þessari er, eins og nafnið bendir til, fjallað um liti og form og sagði Hörður Ágústsson að litbandamyndirnar væru aðallega unnar síðustu þrjú árin. Hefði honum ekki gefizt mikill tími á undanförnum árum til að leggja stund á myndlist vegna annarra starfa. Hörður hefur sem kunnugt er gegnt starfi skólastjóra Handíða — og myndlistaskólans, og kennt þar, lagt stund á rannsóknir um byggingarlist, staðið að tímaritaútgáfu og fleiru. Í þessum verkum segist Hörður fjalla um liti og sýna fram á hver áhrif einn litur hefur á annan og það eru aðeins grunnlitirnir sem hann tekur til meðferðar og setur saman ólíklegustu form og liti. Hann „leggur út af" einu viðfangsefni á marga vegu, ef svo mætti að orði komast, setur fram ýmis tilbrigði. Hörður Ágústsson sagði að þessi verk hans væru að miklu leyti ávöxtur kennslu hans undanfarin ár, en hann hefur aðallega kennt form og litfræði. Aðferðin sem hann notar við gerð verkanna er nokkuð nýstárleg og hefur að sögn Harðar ekki verið notuð áður. Myndirnar eru gerðar úr litvöndum, límdum á grunnflöt.

Sýningarskráin er vönduð og vel gerð og þar ritar Einar Bragi um listamanninn. Þar segir hann m.a. að Hörður Ágústsson hafi áberandi sérstöðu vegna menntunar sinnar og fjölhæfni og fágætrar verkkunnáttu. Telur Einar Bragi að menntun Harðar sé megin skýringin á fjölhæfni hans. Síðan segir hann: „Úr grunnformum — punkti, línu, ferningi, þríhyrningi, hring — byggir listamaðurinn heilan myndheim. Í samröðun þeirra hefur hann á ekkert að treysta nema tilfinningu sína fyrir formspili, hrynjandi. En þetta er arkitektúr, kann einhver að segja. Það má til sanns vegar færa að vissu marki, enda arkitektúr í aðra röndina myndlist sé eitthvað í hana spunnið. En þetta er meira en arkitektúr. Myndlistarmaðurinn hefur óbundnar hendur þar sem arkitektinn er jafnaðarlega bundinn af hugsun um notagildi verks síns sem mannvirkis, húsnæðis... En mestur fögnuður er að sýningunni vegna þess að hér leggur mikill listamaður fyrir sitt fólk svo stórbrotna niðurstöðu af árastarfi við aflinn að frá þeim degi er þjóðin hlutgengur aðili að merkum þætti í evrópskri myndlistarþróun á þessari öld, segir að lokum í sýningarskrá um listamanninn. Sýningin er opin daglega frá klukkan 16 til 22 og henni lýkur 12. október.



Litabönd og annað sem lista maðurinn notar við gerð verka sinna.



Hörður Ágústsson við eitt verkanna á sýningunni.

Nú kostar 15 þúsund að aka á rauðu ljósi

EINS OG skýrt var frá í Morgunblaðinu í gær hafa sektir samkvæmt sektarheimild lögreglustjóra verið hækkaðar talsvert, svo og sektir samkvæmt sektarheimild lögreglumanna. Það kostar nú ökumann að aka á rauðu ljósi 15 þúsund krónur og sé ekið á hraða, sem er yfir 80 km á klukkustund, þar sem aðeins er leyfður 45 km hámarkshraði, kostar það einnig 15 þúsund krónur. Sé öxulþungi 30% umfram leyfilegt hámark er sekt 45 þúsund krónur.

Morgunblaðið fékk í gær skrá yfir meginflokka brota, sem sektarheimild lögreglustjóra nær til, og leiðbeiningar um upphæðir brota. Þar segir að sé ökutæki stórlega áfátt sé heimilt að sekta eiganda þess um allt að 30 þúsund krónur. Ef helztu stjórntækjum, svo sem stýrisbúnaði eða hemlum, er áfátt er sektin 10 þúsund krónur, handhemli áfátt, 5 þúsund krónur, skráningarmerkjum áfátt, 5 þúsund, merkjatækjum, 5 þúsund, ljósabúnaði áfátt, 6.500 krónur, vantar hliðarspegil, 2 þúsund o.s.frv.

Ef einn hjólbarði bifreiðar er ónothæfur er sektin 3 þúsund krónur og hækkar um 2 þúsund við hvern þann hjólbarða til viðbótar sem ónothæfur reynist. Vanti nagladekk á sum hjól er sektin 3 þúsund en sé nagladekk í notkun utan lögboðins tíma er sektin 7.500 krónur. Sé einum farþega ofaukið í bíl er sektin 4 þúsund krónur og síðan 5 þúsund fyrir hvern farþega sem við bætist. Ef vanrækt er að tilkynna eigendaskipti á bíl er sektin 5 þúsund krónur og sé vanrækt að umskrá ökutækið er sektin hin sama. Sé ekið án réttinda er sektin í fyrsta sinn 6.500 krónur, í annað sinn 8 þúsund og í þriðja sinn 15 þúsund krónur. Sé ökuskírteini ekki meðferðis er sekt eitt þúsund krónur og er það jafnframt minnsta sektin í áðurnefndum lista.

Í skrá yfir brot, sem sektarheimild lögreglumanna nær til, eru einnig leiðbeiningar um upphæðir sekta. Brot á ákvæðum um

Framhald á bls. 31

Dúfum stolið

AÐFARARNÓTT miðvikudags, líklegast um klukkan 05, var brotizt inn í dúfnakofa að Vogalandi 13 og þaðan stolið 7 dúfum, þar af 5 hvítum. Þeir, sem þarna voru að verki, skildu eftir ófleygan unga og eina fullorðna dúfu.

Dúfnakofinn var rammger og á honum voru þrír lásar. Ef einhverjir kynnu að verða var við dúfurnar í meðförum barna eða unglinga, eru þeir vinsamlegast beðnir um að láta rannsóknarlögregluna vita. Dúfurnar voru eign ungs drengs og má geta nærri að söknuður hans vegna hvarfs dúfnanna er mikill.

Til Jóhannesar Helga

MORGUNBLAÐINU hefur borizt athugasemd frá biskupi Íslands, herra Sigurbirni Einarssyni, varðandi skrif Jóhannesar Helga í blaðinu í gær um útvarp og sjónvarp:

Í Morgunblaðinu í dag hermir Jóhannes Helgi upp á mig ummæli, sem ég hef aldrei um munn haft. Hann skrifar: „Biskupinn mun hafa sagt einhvern tíma á kirkjuþingi að ef kirkjan giftist tíðarandanum, yrði hún í eilífu ekkjustandi."

Ég á því ekki að venjast að málgir menn hafi sérlega trausta heyrn eða minni og þessi skáldskapur er meinlítill miðað við margan verri. En hvort sem það verður skáldinu að liði eða ekki, þegar það yrkir næst út frá því sem það hefur „heyrt og séð", þá finnst mér samt rétt að benda á orð mín eins og þau féllu, þau eru til á prenti (Kirkjurit 1971) og voru þannig: Kirkjan skyldi ekki giftast tíðarandanum, þá lendir hún í ekkjustandi með næstu kynslóð.

Skal svo hvor búa að sínu hvað skilning snertir eða misskilning.

30.9. 1976.

Sigurbjörn Einarsson.

